



Nefndarsvið Alþingis  
Eva Margrét Ævarsdóttir  
Þórshamri v/  
Templarasund  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. Þ 123/1192  
komudagur 2. 3. 1999

Akranesi 27. febrúar 1999  
Tilvísun: 99020057

**Efni: Frumvarp til laga um náttúruvernd, 528. mál, heildarlög**

Vísað er bréf yðar dags. 24. febrúar 1999 þar sem Landmælingum Íslands er boðið að senda inn umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd. Landmælingar Íslands vilja benda á að við framkvæmd þess lagafrumvarps sem hér er fjallað um er augljós nauðsyn þess að unnin verði nákvæm stafræn grunnkort af öllu Íslandi þar sem skráðar verði í fjölnota gagnagrunn meðal annars upplýsingar um yfirborð og landslag, gróður, ræktað land, byggingar og mannvirki, vatnafar og jökla, samgönguleiðir og örnefni. Einnig verði skráð nákvæmlega stjórnsýslumörk, mörk þjóðgarðar, fólkvanga og friðlýstra svæða, eignamörk jarða og mörk þjóðlenda. Grunnur sem þessi er ekki síst mikilvægur til að skrá nákvæmlega ýmiskonar upplýsingar um náttúru- og dýralíf. Gríðarlega stór verkefni er óunnið á þessu sviði og vinna Landmælingar Íslands nú að því að fá stuðning stjórnvalda við verkefni þar sem stafræn grunnkort verði unnin eftir kortum í mælikvarða 1:50.000. Fáist sá stuðningur og komist verkefnið í framkvæmd mun kortagrunnurinn nýtast fjölmörgum hér á landi, meðal annars þeim sem vinna að náttúruvernd.

Kveðjur  
Magnús Guðmundsson  
forstjóri

